Ed. **808. Frumvarp til laga** [213. mál]

um breyting á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

**1. gr.**

1. gr. laganna (sbr. lög nr. 38/1972, lög nr. 34/1975, lög nr. 35/1975 og lög nr. 38/1972, lög nr. 34/1975, lög nr. 35/1975 og lög nr. 74/1976) breytist þannig: Í stað 17. töluliðar (Austurlandsumdæmi nyrðra) komi tveir töluliðir, sem orðist svo:

17. Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi og Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Eiðahreppur í Suður-Múlasýslu.
18. Norðfjarðarumdæmi: Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður, Norðfjarðarhreppur, Helgustaðahreppur, Eskifjarðarkaupstaður og Reyðarfjarðarhreppur.

Í stað 25. töluliðar (Laugarásumdæmi) komi tveir töluliðir, sem hljóði svo:

26. Laugarásumdæmi: Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur.
27. Flúðaumdæmi: Hrunamannahreppur og Gnúpverjahreppur.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.